

Verkefnastjórnun er aðferðafræði sem felur í sér allan nauðsynlegan undirbúning framkvæmdaverkefna ásamt eftirliti og eftirfylgni með öllum þáttum verkefnis á framkvæmdatíma. Aðferðum verkefnastjórnunar er gagnlegt að beita á allar tegundir framkvæmda, hvort sem þau eru stór eða smá.



Grunnþættir verkefnastjórnunar eru:

- Að skilgreina markmið verkefnis út frá tíma, kostnaði og mælikvörðum um árangur
- Að þróa og innleiða áætlun til að ná settum markmiðum
- Að nota réttar aðferðir við stjórnun verkefnis, áætlanagerð og eftirlit
- Að kalla til hæfa einstaklinga, sem hafa þekkingu til að leysa einstök verk, til að vinna að verkefninu